

Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

10. tbl. • Október 2002

Glæsilegur árangur Bakkavarar hf.



Bakkavör er eitt átta íslenskra fyrirtækja sem kemst á lista Europe's 500 árið 2002 og hefur náð þeim frábæra árangri að radast í annað sæti listans. Íslensku fyrirtækin á listanum hafa aldrei verið fleiri en nú og þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem íslenskt fyrirtæki nær svo hátt. Tölvumyndir hf. og Össur hf. eru nú á listanum í fjórða sinn sem telst frábær frammistaða. Auk Bakkavarar eru Delta hf. og Opin kerfi hf. á listanum í annað sinn en Baugur hf., Íslensk erfðagreining hf. og Teymi hf. í fyrsta sinn.

Af þessu tilefni stóðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Samtök iðnaðarins nýlega fyrir móttöku til að heiðra þessi fyrirtæki og það dugmikla fólk sem að þeim stendur. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra veitti fulltrúum fyrirtækjanna viðurkenninguna. Við það

frb. bls. 3



Ljós. Odd Stefán

Talið frá vinstri: Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jóhannes Jónsson stjórnarformaður Baugs, Guðrún Dóra Gísladóttir framkvæmdastjóri skráningardeildar Deltu, Friðrik Sigurðsson forstjóri Tölvumynda, Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, Ljódur Sigurðsson forstjóri Bakkavarar, Gylfi Arnason, forstjóri Opinna Kerfa, Gunnar Bjarnason framkvæmdastjóri Teymis og Vílmundur Jósefsson formaður Samtaka iðnaðarins



Samtök iðnaðarins hlutu starfsmenntaverðlaunin fyrir Iðuna

Samtök iðnaðarins hlutu Starfsmenntaverðlaunin 2002 í opnum flokki fyrir vefsetur sitt idan.is. Forseti Íslands afhenti verðlaunin í tengslum við Viku símenntunar.

Það eru Starfsmenntaráð og Mennt sem standa að verðlaunaveitingunni. Henni er ætlað að vera hvatning fyrir þá sem þykja vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar, en starfsmenntun er ein af undirstöðum framþróunar í atvinnulífi þjóða þar sem hún byggir upp hæfni og þekkingu fólks til að stunda tiltekin störf á vinnumarkaði. Markmið verðlaunanna er að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar á Íslandi ásamt því að vekja athygli á málefnum.

frb. á bls. 8

Jón Steindór Valdimarsson, aðst. framkv. stj. Samtaka iðnaðarins, tekur við verðlaununum úr höndum forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar



Ljós. Jón Svavarsson

Opinber innkaup

Miklar framfarir hafa orðið á sviði opinberra innkaupa hin síðari ár. Þetta svið er eitt þeirra sem oft er nefnt þegar rætt er um jákvæð áhrif EES-samningsins á atvinnulíf og efnahags-umhverfi á Íslandi.

Auðvitað er það svo að skýrar og skilvirkar reglur getum við sett sjálf á þessu sviði og ættum ekki að þurfa þrýsting frá þunglamalegu reglumiðunum í Brussel. Reynslan er hins vegar ólygin og kennir okkur að litla, gegnsæja og spillingarlausu stjórnkerfið okkar er þegar til kastanna kemur afar ólíklegt til að koma frá sér nothæfum reglum um þessi mál eins og svo ótal mörg önnur. Það var enginn sem bannaði okkur að setja almennileg samkeppnislög, auka frelsi til fjárfestinga eða opna fyrir samkeppni á þjónustusviði svo eitthvað sé nefnt. Það bara gerðist ekki fyrir en við gengum í EES og fengum reglurnar sendar frá Brussel.

Reglur í stað pólitískra afskipta

Það hefur sýnt sig að þessar innfluttu

reglur um opinber innkaup henta alveg ágætlega á Íslandi. Það hefur komið í ljós að skýrar leikreglur henta íslensku atvinnulífi mun betur en pólitískar ákvarðanir. Þá hefur verið sett upp kærunefnd útboðsmála en segja má að fram til þess tíma hafi enginn farvegur verið fyrir þá sem þótti á sig hallað á þessu sviði. Allir vissu að tilgangslaust var að kvarta við fjármálaráðuneytið vegna gallaðra útboða. Framan af breytti kærunefndin ekki miklu því í henni voru innanhúsmenn í ráðuneytinu sem sjaldan eða aldrei sáu ástæðu til að grípa í taumana. Stöku sinnum var fundið að því að útboðsgögn og málsmeðferð væri gölluð en föðurlegar áminningar látnar nægja. Með auknu sjálfstæði kærunefndar útboðsmála hefur orðið veruleg breyting á.



Kærunum fjölga

Engum dettur í hug að allt hafi verið í góðu lagi á sviði samkeppnismála áður en við fengum samkeppnislög og samkeppnisráð. Þegar löggin voru komin og menn sáu að ekki var með öllu vonlaust að klaga yfir meintum brotum á þeim, þá streymdu kærurnar inn. Sama hefur gerst á sviði opinberra innkaupa. Kærum hefur fjölgað. Það er nefnilega ekki nóg að hafa reglur það þarf einnig fagmennsku á þessu sviði. Af margra ára reynslu vill undirritaður halda því fram að fagmennsku á sviði opinberra innkaupa sé stórlega áfátt.

Fúskararnir vaða uppi

Algengt er að útboðsgögn séu illa unnin, verk ekki nema hálfhönnuð þegar farið er í útboð og algengt er að þeir sem bjóða út skipti um skoðun á miðri leið, þ.e.a.s. ákveði í miðju kafi að kaupa eitthvað allt annað en þeir lýstu í útboðsgögnum. Alls konar fúskarar á sviði útboðsmála, forstjórar ríkisstofnana, skólaneindir, bygginganeindir og stjórnmalámmenn standa fyrir útboðum sem eru svo illa unnin að það sem á endanum er keypt og greitt fyrir er ekki í neinni líkingu við útboðið og þau tilboð sem bárust. Síðan vaða uppi alls

konar verðkannanir sem enga stoð eiga í lögum og eru ekkert annað en hálfkörüð útboð þar sem menn annaðhvort vilja ekki eða nenna ekki að fara að settum reglum.

Nóg að gera hjá kærunefndinni

Því miður er það ekki svo að fúsk á þessu sviði sé bundið við skólaneindir og forstöðumenn ríkisstofnana. Því miður eru mörg dæmi um að kært sé vegna ófaglegra vinnubragða við mat tilboða hjá þeim sem ættu að vera faglegastir á þessu sviði. Ekki þarf annað en að skoða þau mál sem kærunefnd útboðsmála hefur fengið til afgreiðslu til þess að sjá það. Sérstaklega virðist algengt að mat á tilboðum sé í ólagi. Einkunnastiginn er ýmist búinn til eftir á til þess að rökstyðja ákveðna niðurstöðu eða þá að einkunnagjöf fyrir einstaka þætti er órókstudd og misvísandi miðað við útboðsgögn.

Verðug verkefni

Það hefur mikið áunnist á þessu sviði en margt er enn í ólagi. Væri nú ekki rétt að stjórnvöld tækju á sig rögg og sýndu að við erum þess megnug að koma á úrbótum á þessu sviði án þess að vera rekin til þess með reglusetningum frá Brussel. Á þessum verkefnalista ættu að vera eftirtalin verkefni.

- Opinberir aðilar ættu að þurfa sérstakt leyfi til að mega standa fyrir útboðum. (Þetta er reyndar í lögum en hefur aldrei verið framkvæmt).
- Stórauka þarf menntun á sviði opinberra innkaupa.
- Setja þarf lög um innkaup sveitarfélaga hliðstæð þeim sem gilda um ríki og ríkisfyrirtæki.
- Fella þarf undir reglur um opinber innkaup ýmis konar þjónustukaup. Til dæmis hvað varðar húsaleigu, hönnunarvinnu, verkfræði- og endurskoðunarþjónustu o.s.frv.
- Setja þarf reglur sem takmarka hvað ríkisfyrirtæki og stofnanir mega framkvæma á eigin vegum. Dæmi um þetta er að útboðsskyldan fýkur út í veður og vind ef Vegagerðinni dettur í hug að byggja brýr með eigin vinnuflokkum.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

10. töl. Október 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 4.10. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán, Anna Fjóra

Gísladóttir bls. 4.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er fjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Sjávarútvegssýningin 2002

Íslensk framleiðsla í fararbroddi

Nýfstaðin Sjávarútvegssýning staðfestir enn einu sinni að íslensk fyrirtæki, sem framleiða vélar og tæki til notkunar í fiskvinnslu og öðrum matvælaíðnaði, standa í fremstu röð. Mikið hugvit, hágæðatekni og fagurt handverk einkenndi framlag íslensku fyrirtækjanna. Það sem skiptir þó mestu máli er að viðskiptavinir víða um heim sjá sér hag í að skipta við þau enda eru íslensk fyrirtæki á þessu sviði tvímæla-laust í fararbroddi á heimsvísu.

Íslenskur iðnaður drap niður fæti hjá nokkrum íslensku fyrirtækjanna á sýningunni og alls staðar ríkti mikill kraftur og bjartsýni.

Marel. Meðal nýjunga hjá Marel er leysistýrð skurðarvél. Hún sker viðfangið (fisk, kjöt, önnur mætvæli) samkvæmt fyrirfram gefinni þyngd. Vikmörk eru hverfandi.

Hampiðjan. Athygli vakti sk. þantroll sem notað er á kolmunna, síld og loðnu. Trollið er búið þeim eftirsóknarverða kosti að þenjast út vegna sérstakra eiginleika línunnar (Helix) sem notuð er. Þetta leiðir til þess að netið fangar meira og hægt er að notast við minni toghlera en ella.

Póls framleiðir tölvustýrða flæðisavalsvél fyrir sjávarútveg en vélin skammtar fisk í 20 kg kassa af einstakri nákvæmni. Í kassanum er nákvæmlega það magn sem þar skal vera.

Formax framleiðir hágæða krapavél til að kæla fisk til vinnslu. Tölva gerir kleift að stjórna því að ytri þættir séu ákjósanlegir, s.s. hiti í sjó, saltmagn og krapaþykkt. Vélin hefur hlotið góðar viðtökur.

Bátasmiðja Guðmundar. Fjölbreytnin er í fyrirrúmi hjá fyrirtækinu. Sómabátarnir eru löngu landsþekktir. Á sýningunni voru kynntir trefjaplastbátar af öllum stærðum sem henta jafnt til veiða sem flutninga.

*Ingólfur Sverrisson, Davíð Láðvíksson
og Ingi Bogi Bogason*



Frh. af forsiðu - Glæsilegur árangur Bakkavarar hf.

tækifæri var Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, spurður hverju hann þakkaði velgengni fyrirtækisins og hvaða þýðingu slík viðurkenning hefði fyrir það. „Við þökkum þetta skýrri stefnu og frábæru starfsfólki en þýðingin er ekki síst viðurkenning á því frábæra starfi sem það hefur unnið,“ sagði Lýður.

Verkefninu Europe's 500 var komið á fót að frumkvæði Evrópusambandsins í þeim tilgangi að efla starf frumkvöðla í Evrópu. Markmiðið er að draga fram reynslu þeirra sem ná bestum árangri til að

nýta hana til að búa í haginn fyrir frumkvöðla framtíðarinnar.

Starf Europe's 500 felst í að finna framsæknustu frumkvöðlafyrirtæki Evrópu og birta árlega lista yfir 500 vaxtarmestu fyrirtækin. Valið er úr fyrirtækjum í 15 löndum Evrópusambandsins en auk þess Noregi, Íslandi og Liechtenstein. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið hafa nú stutt þetta starf í 6 ár og aðstoðað við að auglýsa eftir og finna fyrirtæki sem til greina koma hér á landi.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri

Samtaka iðnaðarins ávarpaði samkomugesti við þetta tækifæri og sagði m.a. að iðnaðinum væri dýrætt að læra af reynslu þeirra sem skara fram úr og sjá hver eru sameiginleg einkenni þeirra. Við ættum að nýta þann lærdóm til að búa íslenskum iðnaði starfsaðstöðu sem gerir hann samkeppnishæfan á innlendum og erlendum mörkuðum og þátttaka iðnaðarins í verkefninu Europe's 500 væri liður í þeirri þekkingaröflun.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Matartími - Kaupstefna 2002

aldrei fjölsóttari en nú

Sýningin Matartími-Kaupstefna 2002 var haldin í Perlunni 10. september síðastliðinn. Þar kynntu yfir 30 matvælaframleiðendur innan Samtaka iðnaðarins vörur og þjónustu fyrir innkaupafólki úr mötuneytum, veitingahúsum og matvöruverslunum. Samtök iðnaðarins hafa staðið fyrir

kynningum af þessu tagi flest ár frá 1997 og hafa þær mælst vel fyrir bæði meðal framleiðenda og gesta.

Þátttaka framleiðenda og aðsókn gesta að Matartímanum hefur farið vaxandi ár frá ári og hefur aldrei verið eins mikil og nú. Skráðir gestir voru á tíunda hundrad

og þeir framleiðendur, sem tóku þátt í viðburðinum, fóru um hann mjög lofsamlegum orðum. Stefnan er að því að halda Matartímann aftur í maí á næsta ári og svo hugsanlega tvisvar á ári framvegis en það ræðst þó af áhuga félagsmanna. Samtökin hafa hingað til reynt að forðast að vera of nálægt Matarsýningunni í Kópavogi sem haldin er í apríl annað hvert ár. Það mætti því hugleiða að halda Matartímann eingöngu á haustin þau ár sem Matarsýningin er haldin í Kópavogi en tvisvar á ári þess á milli.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Emmessís



Nýja kaffibrennslan



Sveinsbakari



Oru



Gæðafæði



Ostabúsið

Íslenskur skipaiðnaður í alþjóðlegri samkeppni



Nýsmíði frá Ósey tilbúin til siglingar í heimahöfn í Færeyjum

Því hefur löngum verið haldið fram að íslenskur skipaiðnaður búi ekki við sama starfsumhverfi og erlendir keppinautar njóta. Þetta hefur nú verið staðfest í viðamikilli úttekt sem Samtök iðnaðarins, iðnaðarráðuneytið og Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði stóðu að.

Enda þótt ýmislegt í umhverfinu hafi færst til betri vegar undanfarið er þó margt sem þarf að laga, bæði innan og utan greinarinnar, til þess að ná því markmiði að íslenskur skipaiðnaður búi við sömu aðstæður og skipaiðnaður annarra þjóða. Um þetta er allt fjallað í skýrslu sem gefin var út að lokinni úttekinni og jafnframt gerðar tillögur til úrbóta sem eiga að leiða til þess að skipaiðnaðurinn nái flugi á ný.

Skýrslan var unnin af Óskari Einarssyni verkfræðingi hjá Deloitte & Touche-Ráðgjöf ehf. í samráði við Svein Þorgrímsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu og Ingólf Sverrisson hjá Samtökum iðnaðarins.

Helstu niðurstöður:

- 60% samdráttur var í skipasmíði á árunum 1987 til 1994 en síðan hefur þessi hluti skipaiðnaðarins heldur farið vaxandi.
- Hátt raungengi hefur veikt samkeppnisstöðuna verulega en batnað eftir að raungengið lækkaði á síðasta ári.
- Helstu annmarkar í starfsumhverfinu má rekja til hárra vaxta, erfiðleika við öflun rekstrarfjár og ábyrgða hjá útflutnings- og tryggingasjóðum í tengslum við gerð sölusamninga.
- Í upptökum annvirkjum er veruleg umframafkastageta ef eingöngu er miðað við þjónustu við innlenda flotann.
- Engin nýsmíði hefur átt sér stað undanfarin 10 ár fyrr en í lok síðasta árs. Ástæður þess eru erfið samkeppni vegna niðurgreiðslna hjá samkeppnisþjóðum, óhagstætt gengi, ákvarðanir í tengslum við fiskveiðistjórnun hér á landi og takmörkuð markaðssetning.
- Endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans hefur einkennst af mjög miklum

tímabundnum sveiflum sem hafa veikt stöðu innlendrar skipasmíði.

- Miðað við núverandi aðstæður og fyrirhugaðar umbætur á innlendum skipaiðnaður að vera samkeppnisfær í smíði 20 til 40 metra langra fiskiskipa þar sem gerðar eru ýrtruðu kröfur um nýjustu tækni við veiðar og meðferð afla sem og aðbúnað áhafna.
- Frá næstu áramótum verða allir rekstrarstyrkir til skipaiðnaðar á EES-svæðinu bannaðir en þeir voru allt að 28% fyrir 15 árum.
- Hins vegar er heimilt að styrkja skipaiðnað einstakra landa vegna rannsóknna og þróunar með utanaðkomandi ráðgjöf á tilteknum sviðum t.d. til að þróa samvinnu þeirra á milli og ýmiskonar endurskipulagningu. Einnig er endurmenntun starfsmanna styrkhæf að tilteknu marki og þá er leyfilegt að veita almenna byggðastyrki á grunni reglna ESB þar um.
- Margar pantanir liggja fyrir hjá evrópskum keppinautum, m.a. til þess að nýta rekstrarstyrki til loka þessa árs. Þetta hefur leitt til þess að útgerðarmenn í nágrannalöndunum (Færeyja og Írland) hafa leitað hingað og nú þegar gert fimm smíðasamninga og fleiri eru í sjónmáli. Þessi staða er tímabundin og þýðingarmikið að nýta hana strax til að ná fótfestu á alþjóðamarkaði fyrir 20 til 40 metra löng fiskiskip.

Tillögur að úrbótum

Í niðurstöðum skýrslunnar eru ítarlegar kynntar fimm tillögur að úrbótum og stefnumörkun til að byggja upp skipaiðnaðinn. Þær byggjast á samvinnu stjórnvalda og skipaiðnaðarins, líkt og gert hefur verið meðal annarra þjóða innan EES, og miðað því að bæta samkeppnishæfni greinarinnar. Tillögurnar eru innan gildandi lagaheimilda og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Hér verður aðeins drepit á tillögurnar en þeim, sem vilja kynna sér þær nánar, er vísað á skýrsluna um samkeppnisstöðu skipaiðnaðar, sept. 2002, þar sem þær eru útfærðar frekar.

1. Fjármögnun – tryggingar

Auka hagstæða og lipra fjármögnun verkefna og trygginga vegna útflutnings og samningsgerðar. Styrkja starfsemi Tryggingasjóðs útflutningslána til að tryggja áframhald sóknar á erlenda markaði. Sérstaklega verði hugað að ábyrgðum til skamms tíma.

2. Samstarf – markaðssetning – sérhæfing

Auka samstarf innan greinarinnar og við hönnuði skipa. Nýta núverandi getu til útflutnings og aukinna umsvifa með sameiginlegri markaðssókn og sérhæfingu einstakra fyrirtækja við smíðarnar.

3. Aðgerðir innan fyrirtækjanna

Styðja við innri endurbætur og hagræðingu fyrirtækja í skipaiðnaði, m.a. með því að koma á virku gæðaeftirliti og umbótum á framleiðsluferlum.

4. Opinber innkaup

Koma á formlegu samráði greinarinnar og viðkomandi stjórnvalda um framkvæmd opinberra útboða vegna kaupa á nýsmíði og/eda þjónustu.

5. Þekking og mannaúður

Fullnægja hæfniskröfum og vinna að því að menntun og símenntun starfsmanna í skipaiðnaði taki ætíð mið af tækniþróun, gæðakröfum og aukinni framleiðni. Efla nýliðun í greininni og bæta ímynd hennar. Efla nýliðun í greininni og bæta ímynd hennar.

Næstu skref

Á næstunni taka fulltrúar skipaiðnaðarins innan Samtaka iðnaðarins endanlega afstöðu til ofangreindra tillagna og ganga síðan til viðræðna við iðnaðarráðuneytið um að móta sameiginlega áætlun um framkvæmd þeirra. Að sönnu er þegar farið að vinna að viðamiklum atriðum tillagnanna, sérstaklega þeim sem getur um í lið 1 hér að ofan. Af góðri reynslu af samstarfi við ráðuneytið um að efla íslenskan skipaiðnað er ástæða til bjartsýni um framhaldið.

Ingólfur Sverrisson

Hvað er að gerast í Sjafnarhúsinu?

Efnaverksmiðjan Sjöfn var um áraraddir eitt hinna stóru og þekktu iðnfyrirtækjum Akureyrar. Sápa og hreinlætisvörur og málningarvörur voru lengst af aðal framleiðsluvörur fyrirtækisins. Sjöfn var í eigu Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaupfélags Eyfirðinga en árið 2000 keypti Baldur Guðnason meirihluta í fyrirtækinu og tók við framkvæmdastjórn þess. Frá þeim tíma hafa miklar breytingar orðið á rekstri Efnaverksmiðjunnar Sjafnar og því var fleygt í umræðum manna á milli á Akureyri að búið væri að flytja alla starfsemi fyrirtækisins úr bænum. Það var því forvitnilegt að sækja það heim og kanna hvað væri að gerast í þessu stóra og glæsilega iðnaðarhúsnæði sem blasir við þegar ekið er inn í bæinn.

Framsækið þjónustufyrirtæki

Baldur segir að ýmsu hafi verið breytt en breytingarnar miði allar að því að skapa öflug fyrirtæki sem standist stöðugt hardnandi samkeppni á markaðnum. Efnaverksmiðjan Sjöfn var stofnuð árið 1932 og er því 70 ára. „Fyrirtækið var gott og vel rekið framleiðslufyrirtæki en ég vildi breyta því í framsækið þjónustufyrirtæki. Sú vinna leiddi til þess að nú er Sjöfn eignarhaldsfélag sem eingöngu er með rekstur á sviði gólfefnaframleiðslu en aðrar rekstrareiningar fyrirtækisins hafa verið sameinaðar öðrum fyrirtækjum en þannig urðu til tvö stærstu fyrirtæki landsins hvort á sínu sviði,“ segir Baldur.

Mikil samlegðaráhrif

Harpa-Sjöfn varð til við sameiningu málningarverksmiðju Sjafnar og Málningarverksmiðjunnar Hörpu sem var rótgróið fyrirtæki í þessari framleiðslu stofnað 1936. Nú er Harpa-Sjöfn ekki eingöngu stærsti framleiðandi málningar á landinu heldur skilgreint sem þjónustufyrirtæki á þessu sviði. Öflug markaðssókn og góð tengsl framleiðslufyrirtækja við markaðinn eru afar mikilvæg og nú selur fyrirtækið yfir 80% framleiðslu sinnar í eigin verslunum. Samlegðaráhrif við sameiningu þessara fyrirtækja voru mjög mikil. Sem dæmi

má nefna að öll málningarframleiðsla Sjafnar var flutt til Reykjavíkur án þess að þar þyrfti að fjölga starfsfólki. Að sögn



Baldurs væri í raun nóg að hafa tvær málningarverksmiðjur í landinu. Samkeppnin er mikil en þó aðallega við innfluttar vörur.

Annar stór þáttur í framleiðslu

Sjafnar, hreinlætisvöruframleiðslan, var sameinaður Mjöll ehf. í Reykjavík undir merkjum Mjallar sem keypti rekstur Sáms ehf. Með þeim samruna varð til stærsta fyrirtæki á þessu sviði hér á landi. Stærstur hluti framleiðslunnar var fluttur til Akureyrar en í starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík eru framleiddar tiltekna vörutegundir og þar er miðstöð dreifingar, sölu og markaðssetningar fyrir það svæði.

Nú er Mjöll er ekki eingöngu framleiðslufyrirtæki, heldur skilgreint sem alhlíða þjónustufyrirtæki á sínu sviði. Fyrirtækið framleiðir hreinsiefni og hreinlætisvörur og veitir ráðgjöf um allt sem varðar hreinsun og hreinlæti sérstaklega í mat-

vælavælaframleiðslu. Þá rekur Mjöll þvottahús, fatahreinsun og ræstingarþjónustu á Akureyri.

Velta Efnaverksmiðjunnar Sjafnar nam 400 milljónum króna árið 2000 og fyrirtækið var rekið með tapi. Þá voru starfsmenn um 40 talsins. Nú velta fyrirtæki, sem Eignarhaldsfélagið Sjöfn á hlut í, 1.200-1.300 milljónum og skila ágætum hagnaði. Alls eru starfsmenn 160 en þar af eru yfir 80 á Akureyri.

Framtíðarsýn Sjafnar

Stefna Sjafnar er að fylgja sameiningunni vel eftir og nýta jafnframt hagnað fyrirtækisins til að fjárfesta í nýrri atvinnustarfsemi. Ætlunin er að nýta þá þekkingu og reynslu sem til er í fyrirtækinu og sameinast öðrum fyrirtækjum til að hægt sé að ná fram samlegðaráhrifum. Þetta er hægt að gera á fjölmörgum sviðum án þess að draga úr samkeppni. Nú beinist samkeppnin á markaðinum hvort sem er aðalega að innfluttum vörum og það á bæði við um málningu og hreinlætisvörur.

Menntunarstig starfsmanna í fyrirtækjunum er hátt og hefur farið mjög hækkandi. Það er af sem áður var þegar meirihluti starfsmanna iðnfyrirtækja var ófaglært iðnverkfólk en nú sinnir mikill minnihluti starfsmanna beinni framleiðslu. Hjá Sjöfn hf. og tengdum félögum starfa nú 5 efnaverkfræðingar, viðskiptafræðingar og fólk með margvíslega starfsmenntun sem sinnir þjónustu, sölu og markaðsmálum og þar eru víða sóknarfæri.

Sjafnarhúsið er stórt um 9.500 m² að stærð og unnið af fullum krafti að því að fullnýta það. Fyrirtæki tengd Sjöfn nýta nú tæpa 6000 m² þannig að enn gefst kostur á að færa út kvíarnar. Um starfsemina í Sjafnarhúsinu blása ferskir vindar og þar eru til skoðunar margir spennandi möguleikar.

Ásgeir Magnússon



Merking fullveldis á 21. öldinni

- viðhorf frá Íslandi



ljóm. Sverrir Vilhelmsson

Þátttakendur í hringborði ræða málin

Dagana 12. - 13. september sl. stóð Academy of European Law í Trier (ERA) í Þýskalandi fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Radisson Hótel Sögu. Samtök iðnaðarins voru aðalstyrktaradili ráðstefnunnar og aðstoðuðu við undirbúning hennar en Alþýðusamband Íslands og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík stóðu einnig að ráðstefnunni.

Fjöldi góðra erinda

Ráðstefnan var vel sótt og þar var fluttur fjöldi erinda af sérfræðingum sem vel þekkja til samrunaferilsins í Evrópu og starfsemi Evrópusambandsins.

Það voru prófessorar frá Háskólanum í Edinborg og Háskólanum í Ósló, embættismenn frá framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu.

Þá töluðu þeir, Vilmundur Jósefsson formaður SI, Kjartan Jóhannsson sendiherra, Einar Tamimi forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Ari Skúlason framkvæmdastjóri Aflvaka hf. Vinnuhópum stýrðu þeir Árni Páll Árnason lögmaður, Magnús Norðdahl lögmaður ASÍ, Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur SI. Loks tóku svo Bryndís Hlökkversdóttir þingmaður og Þór Vilhjálmsson forseti EFTA dómstólsins þátt í hringborðsumræðum. Baldur Þórhallsson lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands dró svo efni ráðstefnunnar saman í lokin.

Málefnaleg umræða

Óhætt er að segja að ráðstefnunni hafi verið tekið faglega á fjölmörgum efnisþáttum Evrópuumræðunnar af mjög hæfum

sérfræðingum og má fullyrða að með ráðstefnunni hafi með vissum hætti verið brotið blað í málefnalegri umræðu um þessi mál. Samtök iðnaðarins hafa einmitt sett sér það markmið að stuðla að upplýstri umræðu um þetta mikilvæga mál. Það var sérstaklega ánægjulegt hve gestir tóku virkan þátt í ráðstefnunni, bæði í vinnuhópum og með fyrirspurnum til fyrirlesaranna. Þess má geta að fyrir réttu ári gengust SI fyrir velheppnaðri ráðstefnu um evruna þar sem virtir erlendir gestir fjölluðu um viðhorf nágrannalanda okkar til hennar. ERA er sjálfseignarstofnun sem var sett á fót að frumkvæði Evrópuþingsins fyrir 10 árum síðan og hefur það hlutverk að vera miðstöð faglegra upplýsinga og umræðna um Evrópurétt, einkum fyrir lögfræðinga. Samtök iðnaðarins tóku því þess vegna fagnandi að fá tækifæri til að standa að þessari ráðstefnu með ERA um fullveldið og Evrópumálin.

Álitamál rædd

Áhersla var lögð á að fjalla um þá þætti sem ber oftast á góma þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að ESB og munu trúlega vega þungt þegar að því kemur að taka ákvörðun um aðild eða ekki aðild. Meginþemað var fullveldi og skilningur og túlkun þess hugtaks á tímum aukinnar alþjóðasamvinnu og samrunaferilsins í Evrópu og var reynt að samþætta það umfjöllun um aðra málaflokka. Þar voru landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál, vinnu- markaðsmál og evran í forgrunni en einnig var rætt um málefni sem falla undir svokallaða þriðju stoð ESB, þ.e. lögreglusamvinnu, mannréttindi og Schengen. Þá var fjallað um fjárlagagerð ESB og reglur sem gilda um greiðslur aðildarríkja til ESB og hugsanlegar breytingar í þeim efnum. Að síðustu voru svo hringborðsumræður um Evrópumálin almennt en þó sérstaklega með tilliti til þeirrar endurskoðunar sem nú stendur yfir á sáttmálum þeim sem leggja grunninn að starfi ESB.

Fróðlegar upplýsingar og hugleiðingar

Ekki var ætlunin að ráðstefnan leiddi til ákveðinnar niðurstöðu, miklu fremur að hún upplýsti og fræddi fundarmenn til þess að þeir geti tekið þátt í umræðum um kosti og galla aðildar Íslands á grundvelli vandaðra upplýsinga. Það var vissulega fróðlegt að heyra þá Kjartan Jóhannsson og Einar Tamimi ræða um fullveldishugtakið, beitingu þess og þýðingu og ekki síður samanburð norska lagaprófessorsins Hans Petter Graver á fullveldi eða fullveldisframsal annars vegar við aðild að EES samningnum og hins vegar við aðild að Evrópusambandinu.

Formlegt eða efnislegt framsal?

Það má draga þá ályktun að fullveldishugtakið sé mest notað í pólitískri kappæðu eða deilum þar sem tilfinningar ráða för án þess að það sé skilgreint frekar. Fullveldi er notað í lögfræðilegri merkingu frekar en efnislegri. Það er augljóst að fullveldi er ekki framselt með formlegum hætti í EES-samningnum þótt augljóst sé að það er gert efnislega vegna þess að við lútum reglum sem við höfum nánast engin áhrif á. Við aðild að ESB er hins vegar augljóst að fullveldi verður að einhverju marki framselt með formlegum hætti en þar á móti munu möguleikar á efnislegum áhrifum á reglurnar aukast verulega. Þetta er í samræmi við þróun í alþjóðlegri samvinnu síðari ár og áratugi sem hefur leitt til æ meira og nánara samstarfs þjóða sem felur óhjákvæmilega í sér vissst framsal fullveldis í hefðbundnum skilningi. Um þetta er varla ágreiningur. Þess vegna er kjarni málsins sá að Íslendingar, rétt eins og aðrar þjóðir, þurfa að meta kalt og yfirvegað á hvaða sviðum er rétt að vinna með öðrum þjóðum og deila með þeim ákvörðunum í stað þess að láta tilgangslausa umræðu um fullveldi vefjast endalaust fyrir sér.

Fyrirlestra og nánari upplýsingar um ráðstefnuna og ræðumenn er að finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins á slóðinni: www.si.is/esb/era

Jón Steindór Valdimarsson



ljóm. Árni Saberg

Fjöldmennir var á ráðstefnunni

Staðall um öryggi matvæla – HACCP

Kynningarfundur að Borgartúni 35, 10. október kl. 15:00-16:30

Allir matvælaframleiðendur þekkja þær kröfur sem gerðar til öryggis matvæla. Frá árslokum 1995 hefur það verið á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að starf-rækja innra eftirlit til að tryggja að matvæli, sem þau láta frá sér, séu örugg heilsu manna. Einnig sæta fyrirtækin reglulegu eftirliti af hálfu innlendra og erlendra stjórnvalda og viðskiptavina. Í matvælaframtækjum er aukinn áhugi á því að koma á stjórnkerfum til að tryggja stýringu matvælaöryggis á staðlaðan hátt.

Samtök iðnaðarins beittu sér fyrir því að Staðlaráð Íslands gæfi út íslenska þýðingu á dönskum staðli sem fjallar einmitt um þetta efni.

Staðallinn er nú kominn út á íslensku og ber heitið: ÍST DS 3027:1997 Öryggi matvæla samkvæmt HACCP (greining hættu og mikilvægra stýristaða) - Kröfur til matvælaframleiðenda og undirverktaka þeirra

Í staðlinum er lýst atriðum gæðakerfis sem byggist á alþjóðlega viðurkenndum meginreglum HACCP (greining hættu og mikilvægra stýristaða). Hann er settur fram sem kröfur en síðan er hverju fyrir-

tæki fyrir sig í sjálfsvald sett að velja sér aðferð til þess að fullnægja þeim kröfum.

Samtök iðnaðarins boða til fundar með félagsmönnum sínum í matvælaíðnaði 10. október nk. kl. 15:00-16:30 að Borgartúni 35, 4. hæð. Þar mun Sveinn V. Ólafsson, verkfræðingur hjá Staðlaráði Íslands, gera grein fyrir uppbyggingu staðalsins og kerfinu sem hann byggist á.

Ragnheiður Héðinsdóttir, matvælafræðingur, gerir grein fyrir hugmyndum um að stofna gæðaklúbba innan Samtaka iðnaðarins þar sem fyrirtækjum gefst kostur á ræða saman um efni staðalsins og kröfur og vinna út frá honum verklagsreglur hverju fyrir sig. Samtökin hafa keypt nokkurt upplag af staðlinum og munu dreifa honum á hóflegu verði til þeirra fyrirtækja sem kjósa að taka þátt í þessu starfi.

Þess er vænst að staðallinn auðveldi fyrirtækjum að nálgast efnið í heild á einum stað.

Nánari upplýsingar um staðalinn, gæðaklúbba og kynningarfundinn veitir Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu SI sími: 591 0117, netfang: ragnheidur@si.is.



Frh. af forsiðu - Starfsmenntaverðlaunin

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt í þremur flokkum:

- Flokki fyrirtækja.
- Flokki fræðsluáðila.
- Opnum flokki sem tekur til rannsóknaraðila, meistara, einstaklinga og annarra sem eru að vinna framúrskarandi störf á sviði starfmenntamála.

Sem fyrr segir fengu Samtök iðnaðarins

verðlaun fyrir vefsetur sitt Iðuna (www.idan.is) í opnum flokki en í flokki fyrirtækja hlaut Útgerðarfélag Akureyringa verðlaunin og Menningar- og fræðslusamband alþýðu í flokki fræðsluáðila.

Iðan er vefsetur sem er fróðleiksbrunnur um íslenskar iðnað, auk þess að flétta með nýstárlegum hætti saman námi, skóli, störfum og fyrirtækjum.



Samtök iðnaðarins
minna félagsmenn sína
á afsláttinn sem þeir
njóta hjá EJS. Um er að ræða 20%
afslátt af tölvum og fylgihlutum,
netbúnaði rekstrarvörum og hug-
búnaði (öðrum en samningsbund-
num).



Nýtt útlit á vef- setri Prenttækni- stofnunar

Nýtt útlit á vefsetri Prenttækni-
stofnunar (www.pts.is) hefur nú litið dag-
sins ljós. Guðmundur Árnason prent-
smiður varð hlutskarpastur í samkepp-
ni um nýja útlitið en margar góðar
hugmyndir bárust í samkeppnina.

Á vefsetri Prenttækni-
stofnunar má sjá
sýnishorn af öðrum góðum tillögum sem
bárust í samkeppnina. Í dómnefnd sátu
Ingi Rafn Ólafsson framkvæmdastjóri
Prenttækni-
stofnunar, Árni Matthíasson
blaðamaður hjá Morgunblaðinu, Inga
Ingadóttir margmiðunarfræðingur og
Haraldur Dean Nelson upplýsingastjóri
Samtaka iðnaðarins.



Námskeið hjá Iðntækni- stofnun

Í haust leggur Iðntækni-
stofnun sérstaka
áherslu á að bjóða stutt starfsmám af ýmsu
tagi, m.a. fyrir fólk sem vill auka mögulei-
ka sína á vinnumarkaði. Námskeiðin eru
bæði ætluð þeim sem eru í starfi og þeim
sem hyggjast hasla sér völl á nýjum vett-
vangi. Vert er að benda á sérstök leiðbein-
endanámskeið fyrir fólk af erlendu bergi
brotið.

Sjá nánar: www.iti.is

Uppsetning kennslukerfis í Lagnakerfamiðstöð Íslands



Eftir að menntamálaráðuneytið staðfesti nýja námskrá fyrir blikksmíði hafa hagsmunaaðilar í greininni unnið að því að tryggja að a.m.k. einn skóli, helst fleiri, geti kennt eftir henni og útskrifað sveina í blikksmíði.

Miklar vonir voru bundnar við Borgarholtsskóla í þessu sambandi en hringlanda-háttur menntamálaráðuneytisins varðandi eigin hugmyndir um kjarnaskóla í málm- og véltæknigreinum hefur sett allt málið í uppnám. Skólinn sjálfur hefur eftir sem áður sett sér það markmið að kenna þetta fag með fullnægjandi hætti en hefur ekki enn fengið þann stuðning frá yfirvöldum sem þarf til, þar ríkir enn mikil deyfð og

drungi þegar kemur að verkmenntun í þessu landi.

Því má segja að stuðningur Félags blikksmíðjueigenda og Samtaka iðnaðarins við uppbyggingu kennsluáðstöðu í greininni í Lagnakerfamiðstöðinni sé viðleitni til að flýta atburðarásinni og koma á góðri kennsluáðstöðu fyrir þennan hluta blikksmíðafagsins. Ljóst er að tæknileg framvinda í faginu krefst þessarar aðstöðu, bæði fyrir nema og starfandi fagmenn. Innan tíðar verður þessu merka verki lokið og þá opnast nýir og áður óþekktir möguleikar til að kenna og þjálfa fagmenn á þau miklu og flóknu kerfi sem nútíma loft-ræstikerfi sannarlega eru.

Ingólfur Sverrisson



Nýir félagsmenn

Spuni ehf.

Laugavegi 66

101 Reykjavík

Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður

Hugur hf.

Hlíðasmára 12

201 Kópavogi

Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður

Ostamaðurinn ehf. Ostahúsið

Strandgötu 75

220 Hafnarfirði

Starfsemi: Matvælaíðnaður

Neta- og veiðarfæragerðin hf.

Mánagötu 4-6

580 Siglufirði

Starfsemi: Veiðafæraíðnaður

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Handhæg byggingaraðferð

Fyrirtækið Varmamót ehf. í Keflavík hefur sérhæft sig í framleiðslu steypumóta úr frauðplasti. Eigandi og framkvæmdastjóri Varmamóta er Guðmundur Guðbjörnsson, sem er rafmagnstæknifræðingur að mennt. Hann segir að í fyrstu hafi Varmamót framleitt norskt byggingakerfi en á því hafi verið ýmsir annmarkar. Því hafi hann ákveðið að hanna frá grunni nýtt byggingakerfi sem betur hentar íslenskum aðstæðum. Hann fékk tvö erlend fyrirtæki í lið með sér sem hafa mikla reynslu á þessu sviði og nú er framleiðslan hafin á nýja kerfinu.

Létt í viðhaldi

Hús, sem byggð eru úr Varmamótum, eru mjög vel einangruð, hagkvæm, létt í viðhaldi og ódýr í rekstri. Húsin eru byggð úr járnbennti steinsteypu. Bæði sökkull og útveggir eru steyptir upp með Varmamótum, sem þýðir að þau eru bæði einangruð að utan og innan. Í nýja kerfinu er hægt að fá mót fyrir margar veggþykktir, 90° beygjur og súlur milli glugga í mörgum stærðum. Verið er að hanna steypumót fyrir 45° beygjur og er stefnt að því að þau verði komin á markað næsta sumar.

Ört vaxandi eftirspurn

Að sögn Guðmundar hefur markaðurinn tekið nýja kerfinu mjög vel og nú er verið að byggja slík hús víðs vegar um landið. Varmamótin eru framleidd hjá Plastgerð Suðurnesja. Í mótunum eru nælontengi sem halda kubbum saman en þau eru framleidd hjá Plastmótun í Ölfusi og eru gerð úr endurunnum þorskanetum. Því má segja að Varmamótin séu alíslensk framleiðsla.

Fyrirtækið hóf markaðssetningu fyrir u.þ.b. ári á nýja kerfinu en eftirspurnin hefur farið mjög vaxandi. „Frá byrjun hafði fyrirtækið stefnt að því að eiga alltaf góðan lager af öllum tegundum móta en síðustu mánuði hefur það ekki tekist því að hver einasti kubbur hefur verið rífinn út

jafnóðum, en nú fer að hægjast um svo að unnt ætti að vera að koma upp lager að nýju,” segir Guðmundur.

Margir kostir – styttri byggingatími – minni kostnaður

Byggingatími er stuttur, mótauppláttur óþarfur en sökklauppláttur afar auðveldur. Steypa má með þessari aðferð allan



Raðhús í byggingu í Reykjanesba

ársins hring þar sem einangrunin veitir næga vörn gegn frosti, að sögn Guðmundar. Hann segir að byggingakerfið henti því mjög vel íslenskum aðstæðum og öllum stærðum og gerðum bygginga, einnig í sökkla og kjallara og jafnvel í sumarbústaði. Hús, sem byggð eru úr Varmamótum, eru einangruð bæði að innan- og utanverðu, eins og áður er getið, en kostir þess að einangra hús að utan eru margir. Með því móti má komast hjá frost- og alkalískemmdum sem hafa orðið mörgum



Raðhús í byggingu á Akranesi, takið eftir bogaveggnum

húseiganda þung í skauti undanfarna áratugi. Viðhafðar eru hefðbundnar íslenskar aðferðir við vatns- og raflagnir. Aukinni einangrun fylgir minni upphitunarkostnaður, allt viðhald verður minna en auk þess má spara bæði steypu og járn í húsum sem eru einangruð að utan.

Varmamótin eru fánleg af mörgum stærðum og gerðum. Mót fyrir sökkla, kjallaraveggi, beygjur og súlur t.d yfir gluggum og dyrum eru hluti af kerfinu. Hægt er að ráða bæði þykkt einangrunarinnar og steypunnar. Þá er járnalögn afar einföld þar sem láréttu járnin leggjast í þar til gerðar raufar í mótunum og lóðrétt járn skorðast af með stýriplötu sem komið er fyrir neðst í veggnum. Að sögn Guðmundar er hægt að gera sökkla úr Varmamótum fyrir allar gerðir bygginga hvort sem húsið er steyppt upp með Varmamótum eða um er að ræða timburhús eða stálgrindarhús. „Þegar á allt er litið hlýst af þessu mikill vinnusparnaður ekki síst þegar litið er til þess að það tekur aðeins 6 til 8 daga fyrir tvo til þrjá vana menn að koma upp veggjum í 150m² hús

með sökkli og þá er innifalinn allur uppláttur, járnalögn og steypuvinna. Auk þess þarf hvorki að kaupa né leigja steypumót og því síður að naglhreinsa eða skafa timbur.

Hinn stutti byggingartími hefur marga kosti í för með sér, svo sem minni launa- og fjármagnskostnað og styttri biðtíma eftir húsbréfum svo að nokkuð sé nefnt. Þess utan hentar þessi aðferð mjög vel þeim sem vilja byggja hús sín sjálfir. Sökkullinn er lagður á einum til tveimur

dögum og mótin svo létt og meðferileg að það eina sem menn þurfa til að koma þeim fyrir er lítil handsög og hamar til að slá upp hleðslugrind.

Tvær handbækur fylgja byggingakerfinu Varmamótum. Önnur er ætluð hönnuðum en hin húsbýggjendum. Þær er m.a. að finna á vefsetri Varmamóta www.varmamot.is og þar eru einnig birtar myndir af mótunum og húsum í byggingu.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Verktakar, hönnuðir og verkkaupar athugið:

Samræmdar kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir

Ofangreindir verkkaupar og Samtök iðnaðarins efna til námskeiða um samræmdar kröfur um gæðastjórnun meðal verktaka, hönnuða og verkkaupa við verklegar framkvæmdir á komandi misserum.

Námskeiðin eru ætlað verktökum, hönnuðum, fulltrúum verkkaupa og öðrum þeim sem koma að skipulagi, eftirlit og stjórnun verkeftra framkvæmda í mannvirkjagerð og bygg-ingariðnaði. Að undantömu hafa verið haldin þrjú námskeið (fullbókuð) en þau næstu verða haldin í samræmi við aðsókn á komandi vikum.

Lengd hvers námskeiðs	1 dagur (8 klst)
Hámarksfjöldi á námskeiði	16 manns
Námskeiðagjald	Ámkernt verð 18.900 kr. Afsáttarverð* 14.900 kr.
Innihaldi í gjaldi	Námsgögn, kaffi og litur hádegis.

*Afsáttarverð gildir fyrir Skopunum SI

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ:

Hægt er að skrá sig í síma 591 0100, á vefnum www.gsi.is og með tölvupósti á netfangið gsi@si.is



Sinnisráð iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries



GÆÐISRÁÐGJÖFNUN
IDNÁDARINN
www.gsi.is



CONSTRUCT NORTH

ÍDANNA, NIÐURTEIÐ OG TEGJA
I MANNVIRKJUNUM & KÖRVEGJÖRNUM
Gæðisráðgjöfnun, Skopunum 115, 4. hæð
P.O. Box 4001, 101 Reykjavík, ÍSLAND

Félagsmenn athugið:

*Við höfum fengið
nýtt heimilisfang,
ný símanúmer
og nýtt merki.*



*Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries*

*Vinsamlegast breytið
upplýsingum um SI
- og ef þörf krefur
pantið eintak af nýja
merkinu rafrænt en
birting eldra merkis
er með öllu óheimil.*